



Formannafundur

1. formannafundur HSV starfsárið 2018-2019, 19.11.18 kl. 20:00. Haldinn á skrifstofu HSV í Vestrahúsi.

Mætt voru: Steinunn Gretti, Sigmundur Þórðarson Höfrungi, Marinó Hákonarson Hendingu, Kristinn Kristjánsson GÍ, Hjalti Karlsson Vestra, Svava Rán Valgeirsdóttir Stefni, Helgi Guðmundsson SFÍ, Harpa Guðmundsdóttir Körfuknattleiksdeild Vestra, Harpa Grímsdóttir blakdeild Vestra, Salmar Már Salmarsson aðalstjórn og handboltadeild Harðar, Hákon Sigurðsson Glímudeild Harðar, Ásgerður Þorleifsdóttir formaður HSV og Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir framkvæmdastjóri HSV.

Dagskrá:

Ása bíður fundargesti velkomna og gengur til dagskrá.

1. Sambandsþing UMFÍ 14.-15. október.
Sambandsráðsfundur UMFÍ var haldinn á Ísafirði 14.-15. október. Stjórn UMFÍ fundaðir með stjórn HSV fyrir fundinn þar sem farið var yfir helstu þætti í starfi HSV. Framkvæmdastjóri kynnti helstu mál fundarins.
2. Formannafundur ÍSÍ
Formaður og framkvæmdastjóri sátu formannafund ÍSÍ síðasta föstudag. Fyrir fundinn var haldin ráðstefna um framtíðarskipulag íþróttahreyfingarinnar. Formaður kynnti helstu mál fundarins og hvað var efst á baugi á ráðstefnunni.
3. Tryggingar félagsmanna og iðkenda aðildarféлага HSV
Stjórn HSV hvetur aðildarfélög sín til að minna iðkendur og foreldra á að passa upp á tryggingar sínar. HSV er með örorku og ábyrgðartryggingu fyrir alla sína iðkendur og félagsmenn. Því eru allir tryggðir fyrir alvarlegum slysum og örorku. Annan minni sjúkrakostnað ætti heimilistrygging að dekkja fyrir börn undir 16 ára aldri. Framkvæmdastjóri falið að fá upplýsingar frá tryggingafélögum um hvernig best sé að standa að tryggingarmálum iðkenda.
4. Skjalavistun
UMFÍ býður upp á skjalavistunarkerfi fyrir sína sambandsaðila. Stjórn HSV vill kanna hvernig félög eru almennt að halda utan um fundargerðir og skjöl og hvort formenn sjái hag í að vera með í slíku kerfi. Fundarmenn samþykkir að leitast við að koma upp gangavistun fyrir félögin.
5. Fyrirmyndarhérað/fyrirmyndarfélag ÍSÍ
HSV er að vinna að því að verða fyrirmyndarhéraðssamband. Aðildarfélög eru hvött til að gera slíkt hið sama og stefna að því að verða fyrirmyndarfélag ÍSÍ *Íþróttahreyfingin gerir kröfur til samfélagsins um stuðning, bæði aðgang að mannvirkjum og beinan fjárstuðning. Íþróttahreyfingin vill að litið sé á þennan*



Formannafundur

stuðning sem endurgjald fyrir þjónustu sem hún veitir öllum þegnum samfélagsins. Til þess að slíkar kröfur séu trúverðugar og réttlætanlegar þarf íþróttahreyfingin að sýna það í verki að hún geri raunhæfar kröfur til sjálftrar sín hvað varðar gæði og innihald þess starfs sem hún vinnur. Þetta hefur hún gert með samþykkt stefnuyfirlýsinga um afmarkaða málaflokka, þar sem fram kemur að hvernig starfi sé stefnt. Slíkar stefnuyfirlýsingar hafa m.a. verið samþykktar um barna- og unglिंगastarf, menntun þjálfara og forvarnastarf. Með því að taka upp gæðaviðurkenningu fyrir íþróttastarf geta íþróttafélög eða deildir sótt um viðurkenningu til ÍSí miðað við þær gæðakröfur sem íþróttahreyfingin gerir. Standist þau þessar kröfur fá þau viðurkenningu á því frá ÍSí og geta kallað sig Fyrirmyndarfélag eða Fyrirmyndardeild.

6. Sakavottorð þjálfara

Stjórn HSV hvetur aðildarfélög sín til að kanna sakvottorð þjálfara sinna en samkvæmt Æskulýðslögum er óheimilt að ráða einstaklinga til starfa sem hafa hlotið refsíðoma vegna ofbeldisbrota, ávana- og fíkniefna- eða kynferðisbrota. Æskilegt er að allir þeir sem starfa með börnum og ungmennum skili inn samþykkt fyrir því að aðildarfélag þeirra fái heimild til að sækja upplýsingar úr sakaskrá. HSV getur aðstoðað aðildarfélög sín við það í gegnum UMFÍ.

7. Afreksform HSV

Fræðslu- og verkefnasjóður UMFÍ hefur veitt HSV styrk til að bæta við afreksform HSV andlegri þjálfun. Til viðbótar við styrktaræfingar kæmu þá tímar þar sem farið væri í andlegu hlið þjálfunar og keppni. Fer væntanlega af stað eftir áramót. Í framhaldinu er horft til þess að bæta við fræðslu í næringarfræði fyrir þennan hóp undir hatti Afreksforms HSV.

8. Önnur mál

- a. Frístundarúta; Svava spyr hver sé staðan með frístundarútu. SL upplýsir að áhugi sé fyrir því að taka strætókerfið upp í sumar og breyta því til að auka möguleikana. Skammtímalausn væri að greiða styrki til foreldra. Brýnt að Skólarnir og íþróttahreyfingin komi að því skipulagi komi.